

Mál nr. 408/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila : V

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: A og B

Sakarskipting. Framúrakstur.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 2. desember 2022.
2. Bréf V, dags. 20. desember, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 4. janúar 2023.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðunum A og B, sem báðar eru váttryggðar hjá V á Þjóðvegi 1 á milli Blönduóss og Bólstaðarhlíðar. Ökumenn gerðu ekki sameiginlega tjónstilkynningu á vettvangi. M sem var ökumaður bifreiðarinnar A lýsir tjóninu með þeim hætti í málskoti að tjónið hafi orðið þegar hann ók bifreið sinni fram úr bifreiðinni B og annarri bifreið. Þegar bifreið hans var lítið eitt komin fram úr B hafi ökumaður þeirrar bifreiðar sveigt til vinstri til að taka fram úr þriðja ökutækinu fyrir framan hann. Við það hafi hliðarspegill bifreiðarinnar B strokist við hægri hlið bifreiðarinnar A. M tilkynnti tjónið til V sem felldi alla sök á M sem ökumann A og komst tjónanefnd váttryggingafélaganna að sömu niðurstöðu. M er ósammála þeirri niðurstöðu og telur að tjónið geti ekki hafa orðið með þeim hætti að hann hafi ekið inn í hlið bifreiðarinnar B. Ákomur á ökutækjunum bendi til þess að bifreiðinni B hafi verið ekið utan í bifreiðina A þegar þær voru samsíða og þannig ber ökumaður B alla sök á árekstrinum. Telur M að V hafi með því að grundvallar afstöðu sína á kólörngum forsendum sem brjóti í bága við 1. mgr. 9. gr. laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi. Ökumaður B hafi ekki tilkynnt tjónið fyrr en M skaut ákvörðun V til tjónanefndar váttryggingafélaganna og engin gögn styðji hans framburð. Vísar M til c-liðar 2. mgr. 23. gr., 1. mgr. 24. gr., 1. mgr. 28. gr. og b-liðar 1. mgr. 29. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 auk 1. mgr. 9. gr. laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi.

Ökumaður B lýsir atvikinu með þeim hætti að bifreiðinni A var ekið inn í hlið bifreiðar hans með þeim afleiðingum að tjón varð á hliðarspegli bifreiðarinnar. Kveðst ökumaður B aldrei hafa orðið var við A en mjög mikil rigning hafi verið og slæm skilyrði til framúraksturs.

V vísar til þess í afstöðu sinni að ökumenn séu ekki sammála um hvorri bifreiðinni hafi verið ekið yfir miðlínu vegar og þar sem báðar bifreiðarnar eru tryggðar hjá V mun félagið ekki taka frekari afstöðu til sakarskiptingar en vísar þó til 23. og 24. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 38/2020.

Álit.

Engin vitni urðu að árekstri þeim sem hér um ræðir og gerðu ökumenn ekki sameiginlega ökutækjaskýrslu á vettvangi. Óumdeilt er að bifreiðinni A var ekið á vinstri akrein fram úr bifreiðinni B í aðdraganda áreksturs og að árekstur varð þegar bifreiðin A var komin samhliða bifreiðinni B. Styðja ákomur á bifreiðunum það einnig. Þar sem engin gögn liggja fyrir um annað verður að telja að fullbrotin miðlína hafi verið á veginum sem gefur til kynna að framúrakstur sé heimill enda sé fyllstu varúðar gætt sbr. d-lið 23. gr. reglugerðar um umferðarmerki og notkun þannig. Samkvæmt c-lið 2. mgr. 23. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 skal ökumaður sem ætlar fram úr ökutæki ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu og athuga sérstaklega hvort ökumaður sem á eftir ekur hafi byrjað akstur fram úr honum. Þá skal sá sem ekur fram úr öðru ökutæki skal hafa nægilegt hliðarbil milli ökutækis síns og þess sem ekið er fram úr, sbr. 3. mgr. sömu lagagreinar. Þá segir í 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar að ef tjón hlýst af árekstri ökutækja skiptist tjónið á þau í réttu hlutfalli við sök þeirra sem hlut eiga að máli og með hliðsjón af atvikum öllum. Af skemmdum á bifreiðunum verður ekki ráðið hvor bifreiðin hafi ekið yfir miðlínu vegar er árekstur varð. Ökumaður B kveðst ekki hafa orðið var við bifreiðina A og neitar að hafa sveigt í veg fyrir bifreiðina. Með hliðsjón af þeim lagaákvæðum sem um framúrakstur gilda og nefnd eru hér að framan er rík aðgæsluskylda lögð á ökumann við framúrakstur og verður hann að bera hallan af sönnunarskorti um að ökumaður B hafi farið yfir miðlínu vegar er árekstur varð. Verður öll sök því lögð á ökumann A.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðarinnar A ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 7. febrúar 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir